

Mánudaginn 16. maí 1949.

Nr. 10/1948. **Kaupfélag Eyfirðinga** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

**Hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps f. h. hrepps-
ins** (Ragnar Jónsson).

Útsvör. Samvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1948, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að gróðurhúsarekstur áfrýjanda, sem í málinu greinir, sé innan verksviðs samvinnufélaga samkvæmt lögum nr. 46/1937. Samkvæmt II. tölulið 2 6. gr. sbr. b-lið 2. málsg. 8. gr. útsvarslaga, nr. 66/1945, verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi átt að greiða til stefnda útsvar af arði þessa reksturs, sem leitt hefur af skiptum við utanfélagsmenn. Nú er ljóst, að útsvar það, er um ræðir í málinu, er ekki þannig á lagt, heldur hefur verið miðað við allan framangreindan gróðurhúsarekstur áfrýjanda. Er útsvarið því ólöglega á lagt, og ber þess vegna að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 9. desember 1947.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, oddviti Öngulsstaðahrepps f. h. hreppsins, að lögtak verði gert hjá Kaupfélagi Eyfirðinga hér fyrir útsvari, kr. 2500.00, er lagt var á kaupfélagið í hreppnum sl. vor.

Gerðarþoli, kaupfélagið, mótmælir því, að lögtakið nái fram að ganga. Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur afnot af gróðurhúsum við Brúnhúsalaug í Öngulsstaðahreppi og að árið 1946 voru þar framleiddir tómatar, grænmeti og vínber fyrir kr. 7.435.10 og blóm fyrir kr. 74.760.62.

Mótmæli sin byggir gerðarþoli á því, að ofangreind starfsemi sé ekki búrekstur, heldur ræktun margs konar grænmetis og jurta við jarðhita, sem ekki sé auðið að framkvæma án sérstakrar aðstöðu, virkjunar og tækja, sem ekki sé á færi alþýðumanna að koma sér upp og reka sér til hagsbóta nema með félagssamtökum. Tekur gerðarþoli fram, að þessi starfsemi falli undir 2. gr. samvinnufélagalaganna, nr. 46/1937. Rekstur gróðurhúsanna sé því útsvarsfriðs, enda selji kaupfélagið framleiðsluna eingöngu í sölubúðum sínum. Gerðarþoli tekur fram, að gróðurhúsastarfsemi sé hins vegar gjaldskyld í sveitarsjóð samkv. 41. gr. samvinnufélagalaganna og að um aðra gjaldskyldu til hreppsins sé ekki að ræða.

Gerðarbeiðandi heldur hins vegar fram, að rekstur Brúnhúsalaugar, þar sem stunduð er bæði úti- og inniræktun, sé almenn framleiðslustarfsemi, sem falli ekki undir samvinnufélagalögin, enda þótt rekin sé af samvinnufélagi, og beri því gerðarþola að greiða útsvarið, enda heimili 8. gr. útsvarslaganna og lög nr. 59/1947 að leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum, ef hann hefur lóðarafnot, sem gefa arð, utan heimilissveitar sinnar.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá skoðun gerðarþola, að gróðurstarfsemi sú, er hér um ræðir, sé þess eðlis, að hún geti ekki verið rekin til hagsbóta nema með félagssamtökum, en á þessari staðhæfingu sinni virðist gerðarþoli byggja það, að þessi starfsemi heyri undir 2. gr. samvinnufélagalaganna, en hins vegar lítur rétturinn svo á, að hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps hafi verið heimilt samkv. 8. gr. b útsvarslaganna að leggja umrætt útsvar á gerðarþola, sbr. orð greinarinnar: „lóðarafnot, ef þau gefa arð“.

Þegar þess er gætt, að framleiðsla gerðarþola 1946 á Brúnhúsalaug nam kr. 82.195.72, má vera, að löggjöfin hafi ekki haft slíka framleiðslu fyrir augum með orðunum „lóðarafnot, ef þau gefa arð“, en rétturinn telur hins vegar, að ef svo hefur verið, sé heimilt í þessu tilfelli að nota analógiuna af þessu lagaboði.

Samkvæmt framanskráðu á hið umbeðna lögtak að fara fram. Þá þykir rétt, að gerðarþoli, framkvæmdastjóri Jakob Frímannsson f. h. Kaupfélags Eyfirðinga hér, greiði gerðarbeiðanda, oddvita Öngulsstaðahrepps f. h. hreppsins, í málskostnað kr. 400.00 samkv. kröfu umboðsmanns gerð-

arbeiðanda undir hinum munnlega málflytningi. Málið tekið til úrskurðar
5. þ. m.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að fara fram.

Gerðarþoli, Jakob Frimannsson f. h. Kaupfélags Eyfirðinga,
greiði gerðarbeiðanda, oddvita Öngulsstaðahrepps, í málskostnað
kr. 400.00.

Úrskurðinum, að því er málskostnað snertir, á að fullnægja innan
15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 21. maí 1949.

Nr. 34/1949. **Valdstjórnin**
gegn
Benjamín Ólafssyni.

Öflun matsgerðar.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir
rétt, að skorið sé úr því með matsgerð samkvæmt ákvæðum 84.
gr. laga nr. 112/1941, hvort lögn sú, sem í málinu greinir, telst
vera í kvísl, sbr. 1. og 34. gr. nefndra laga.

Ályktarorð:

Matsgerð um framangreint efni skal fara fram.

Sératkvæði

hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Við teljum óþarft, að ofangreind matsgerð fari fram.